

Mánudaginn 21. júní 1937.

Nr. 145/1936. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Frederick Arthur Meggitt

(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri sýknaður af kæru um ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 20. júlí 1936: Kærður, Frederick Arthur Meggitt, greiði kr. 20100.00 sekt í landhelgisjóð Íslands, og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum „Rebound“ G. Y. 1268 frá Grimsby séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu allan löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt úrskurði þeim, sem upp var kveðinn í máli þessu hér í réttinum hinn 7. apríl þ. á., dómkvaddi lögreglustjórinn í Reykjavík 3 menn til að segja álit sitt um atriði þau, sem um ræðir í úrskurðinum. Í skoðunargerð, dags. 3. maí þ. á., láta hinir dómkvöddu menn þá skoðun í ljósi, að annar endi virspottans beri þess ótvíræð merki, að af honum hafi verið höggvið með meitli eða öðru höggverkfæri. Hinn endinn hafi á nokkrum þráðum merki, sem bent gætu til þess, að af þeim hafi verið höggvið, en mikill meiri hluti þráðanna hafi hreina brotflæti, sem bendi til þess, að vírinn hafi slitnað. Þá telja þeir útilokað, að vírinn hafi verið höggvinn sundur með öldustokkinn að undirlagi, með því að sérstakan útbúnað þyrfti til þess að ná vírnum

niður á öldustokkinn, þegar þungi vörpunnar liggir á honum, og óframkvæmanlegt, nema skipið sé að fullu stöðvað og nógur tími til að framkvæma verkið. Loks telja þeir, að fyrir geti komið undir sérstökum kringumstæðum, ef varpan festist í botni, að virinn skerist í togblökkinni, og að hinir höggnu þræðir á virnum gætu bent til þess, að svo hafi skeð hér.

Þrátt fyrir hinar mörgu og að sumu leyti sterku líkur, sem að sök kærða liggja og frá er greint í dómi undirrættarins, verður þó, þegar litið er til niðurstöðu framangreindrar skoðunargerðar, að telja varhugavert að álita örugga sönnun komna fram fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Verður því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber þá að greiða úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Frederick Arthur Meggitt, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans, „Rebound“ G. Y. 1268, að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Frederick Arthur Meggitt, skipstjóra á togaranum „Reboundo“ G. Y. 1268 frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920.

Málavextir eru þannig samkv. skýrslu skipstjórans á varðbátnum „Gautur“ og samkv. framburði skipverja:

Miðvikudaginn 15. júlí var varðskipið „Gautur“ við gæzlustörf undan Salthöfða, en þar voru nokkur dragnóta-veiðiskip, sem varðskipið var að athuga. Kl. 6,46 sáust 2 togarar halda undir land inn fyrir Tvísker, en voru þá á svo mikilli ferð, að ólíklegt þótti, að um veiðar gæti verið að ræða. Þeir stoppuðu báðir nálægt landi og virtust liggja saman nokkurn tíma. Nokkru fyrir kl. 8 sást annar togarinn halda út frá landi með lítilli ferð á móta og þegar togarar eru á veiðum. Togarinn var þá að bera í Skálafellshnútu, og var kl. 8 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti

> 67°

Hofsfjall

> 53°

Rákartindur

Kl. 8,10 heldur varðbáturinn af fullri ferð í áttina til togarans og kl. 8,26 er dregið upp stöðvunarmerki og samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti

> 60° 8'

Hofsfjall

> 58° 37'

Rákartindur

> 46° 28'

Togarinn

Kl. 8,43 sást, að togarinn var kominn á fulla ferð, og kl. 8,44 var skotið lausu skoti og síðar tveimur öðrum með stuttu millibili, og stöðvaðist þá togarinn. Varðskipið setti út bát og var farið í togarann og samtímis gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti

> 30°

Salthöfði

> 73° 50'

Rákartindur

Dýpi 94 m., og gefur það stað togarans 0,7 sjóm. utan landhelgi.

Við skoðun á togaranum kom í ljós, að báðir bakborðsdragstrengir voru höggðir sundur og bakborðsvörpu vantaði. Virarnir á spilinu voru það votir, að úr þeim lak, og bakborðsmegin voru votar (sic) á þeim stöðum, er virar liggja í þeim. Rúllur allar bakborðsmegin voru fægðar á þeim stöðum, er virar liggja í þeim, og öldustokkur bakborðsmegin var gljáfægður undan virum rétt fyrir framan togblökkina, þar sem dragstrengirnir liggja, þegar togað er. Þar sáust einnig í öldustokkinn nýleg för eins og væru þau eftir meitil.

Auk þessa hefir einn skipverja á varðskipinu og skipstjórinn báðir borið það, að þeir hefðu, þegar varðbáturinn átti stutt eftir að togaranum, séð gálgarúllu í framgálga vísa aftur og vir úr framgálga strengdan aftur með bakborðsmegin eins og venjulegan vörpustreng. Undir spiltrommunum og á þilfarinu, þar sem virar leika yfir, þegar togað er, var bleyta.

Þetta og ýmsar fleiri athuganir bentu til þess, að togarinn hlaut (sic) að hafa verið að veiðum innan landhelgi, stuttu áður en varðbáturinn stöðvaði hann, en höggvið frá sér vörpuna, enda væri augskýlegt á sárinu á virunum, að þeir væru höggðir. Þennan framburð sinn hafa skipverjar á Gaut staðfest með eiði.

Kærður og sex af skipverjum hans, sem borið hafa vitni í málinu og staðfest hafa framburð sinn með eiði, hafa hinsvegar neitað því, að togarinn hafi verið að botnvörpuveiðum, þegar varðbáturinn kom að honum eða áður, meðan hann var á siglingu frá togaranum „Resmilo“ til varðskipsins.

Hafa þeir aðallega haldið því fram, að varpan hafi festst í botni, þegar togarinn var á veiðum við Hvalbak, og virarnir slitnað. Framburður þessi verður að teljast í verulegum atriðum grunsamlegur. Samkv. uppgjöf skipstjóra og stýrimannsins um stefnu þá, er togarinn hafi siglt, er hann kom að landinu, hlaut hann að koma langt frá Hvalbak, mjög miklu vestar og einnig samkv. stefnu þeirri, er sömu menn hafa gefið upp, er siglt hafi verið vestur með landi og upp undir Ingólfshöfða, hlaut togarinn að hafa komið djúpt úr hafi. Eftir þessu og öðrum framkomnum skýrslum

sömu manna hefði togarinn þá átt að kasta á miklu meira dýpi en hugsanlegt er að hann geti togað á.

Aðrir en skipstjóri og fyrsti stýrimaður gátu engar upplýsingar gefið um stað þann, er varpan festist og virarnir slitnuðu á.

Einnig virðist augljóst samkv. því, sem vélamenn á „Reboundo“ hafa borið, að vélin hafi gengið með það miklum krafti, er hann hélt frá „Resmilo“ út frá landinu, er varðskipið stoppaði hann, að hraði togarans hefði átt að vera mun meiri, ef ekki hefði verið varpa úti.

Auk þess er framburður skipverja af togaranum að ýmsu leyti ógreinilegur og ekki samhljóða. Samkv. þessari niðurstöðu verður að líta svo á, að neitun kærðs og framburður skipverja hans geti eigi talizt nægilega veigamikill til þess að hnekkja þeim sönnunargögnum, sem skipstjóri og skipverjar af Gaut hafa lagt fram í málinu og þeirra nákvæmu mælingum og athugunum í þá átt, að kærður hafi verið að ólöglegum fiskveiðum innan landhelgi með botnvörpu, áður en varðskipið tók hann.

Það verður því að teljast nægilega sannað, að kærður hafi þannig brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18 maí 1920.

Kærður, sem er 32 ára, hefir eigi áður sætt refsingu fyrir brot á fiskiveiðalöggjöfinni, og þykir hegning sú, er hann hefir til unnið fyrir brot sitt samkvæmt 3. gr. áðurnefndra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 4 1924, hæfilega ákveðin kr. 20100.00 sekt í landhelgisjóð Íslands með tilliti til gengis íslenzkrar krónu, sem í dag er jafngildi 49,78 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 8 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum „Reboundo“ G. Y. 1268 frá Grimsby séu upptæk og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður af máli þessu allan leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.